

# Vorhreinsun 2024



Árleg vorhreinsun í Hvalfjarðarsveit verður samkvæmt neðangreindu og eru íbúar, sumarhúsaeigendur og rekstraraðilar hvattir til að taka til hjá sér fyrir sumarið. Almennu hefur vor- og sumartiltekt gengið vel og mælst vel fyrir og fólk hefur verið duglegt að nýta sér þessa þjónustu og vonumst við til að svo verði áfram.

Á tímabilinu frá **16. maí til og með 29. maí** verða gámar staðsettir í Melahverfi, Hlíðarbæ og á Innnesi (í námu gegnt afleggjara að Ytra-Hólmi 1).

Eftirfarandi gámar verða til staðar:

- Gámur fyrir timbur.
- Gámur fyrir járn og dekk.
- Gámur fyrir gróðurúrgang.
- Gámur fyrir almennan (óflokkaðan) úrgang.

Þurfi íbúar að losa sig við spilliefni, er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, sími 433-8500 / [www.hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is](mailto:hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is)

Frá **1. júní – 31. ágúst** gefst íbúum í dreifbýli kostur á að fá tvær gerðir af gámum til afnota í tvo sólarhringa.

Eftirfarandi gámar eru í boði, og þá þarf að panta með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara:

- Gámur fyrir timbur.
- Gámur fyrir járn og dekk.
- Gámur fyrir gróðurúrgang.
- Gámur fyrir almennan (óflokkaðan) úrgang.

Tímabil hreinsunarátaks í frístundabyggðum er **frá 1. júní til 31. ágúst** ár hvert og eru gámar í boði í 11 daga samfelld innan tímabilsins og getur forsvarsfólk frístundahverfa ákveðið tímasetningu í samráði við sveitarfélagið.

Eftirfarandi gámar eru í boði, og þá þarf að panta með a.m.k. viku fyrirvara:

- Gámur fyrir timbur.
- Gámur fyrir járn.
- Gámur fyrir gróðurúrgang.

Allar pantanir þurfa að berast til Hvalfjarðarsveitar í síma 433-8500 eða með tölvupósti á netfangið [www.hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is](mailto:hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is).

Lögð er áhersla á að aðilar kynni sér reglur áður en sótt er um gáma en þær má sjá á á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is).

# Verklag um hreinsunarátak í Hvalfjarðarsveit

## Þéttbýli

- Tekin er ákvörðun um árlegt hreinsunarátak, fyrirkomulag og tímabil í umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd ár hvert.
- Gámar vegna hreinsunarátaks eru staðsettir við Melahverfi, á Hvalfjarðarströnd og á Innnesi.  
Eftirfarandi gámar eru í boði:  
Gámur fyrir timbur  
Gámur fyrir járn og dekk  
Gámur fyrir gróðurúrgang  
Gámur fyrir almennan (óflokkaðan/grófan) úrgang
- Leiðbeiningar frá þjónustuaðila má sjá á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.
- Afar mikilvæg er að ganga snyrtilega um gámasvæðin og setja úrgang í rétta gáma.

**Röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði.**

## Dreifbýli

- Tímabil hreinsunarátaks er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Íbúar í dreifbýli geta pantað samtals 2 gáma í 2 sólarhringa á skrifstofu sveitarfélagsins.  
Eftirfarandi gámar eru í boði:  
Gámur fyrir timbur  
Gámur fyrir járn og dekk  
Gámur fyrir gróðurúrgang  
Gámur fyrir almennan (óflokkaðan/grófan) úrgang
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning og leigu fyrir gámana, en umsækjandi greiðir fyrir losun og förgun, sbr. gjaldskrá þjónustufyrirtækisins.
- Ef óskað er eftir að gámarnir standi lengur en reglur sveitarfélagsins gera ráð fyrir er það á kostnað umsækjanda.

**Mikilvægt er að flokka rétt röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði sem fellur á umsækjanda.**

## Frístundabyggðir

- Tímabil hreinsunarátaks er frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert.
- Gámarnir eru í boði 11 daga samfleytt innan tímabilsins og tímasetninguna þarf að ákvarða í samráði við fulltrúa sveitafélagsins og verktakann.
- Forsvarsmenn frístundahverfa, sem falla undir reglur sveitarfélagsins um gámavelli, geta pantað gáma á skrifstofu sveitarfélagsins.  
Eftirfarandi gámar eru í boði:  
Gámur fyrir timbur  
Gámur fyrir járn  
Gámur fyrir gróðurúrgang
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning og leigu fyrir allt að þrjá gáma í 11 daga, en umsækjandi greiðir fyrir losun og förgun, sbr. gjaldskrá þjónustufyrirtækisins.
- Ef óskað er eftir að gámarnir standi lengur en reglur sveitarfélagsins gera ráð fyrir er það á kostnað viðkomandi sumarhúsafélags.

**Mikilvægt er að flokka rétt - röng flokkun í gáma veldur viðbótarkostnaði sem fellur á viðkomandi sumarhúsafélag.**

*Íbúar og frístundahúsaeigendur eru hvattir til að taka þátt og nýta sér þjónustu sveitarfélagsins.*